

AUGLÝSING

um myntútgáfu.

Á grundvelli laga um gjaldmiðil Íslands, nr. 22 frá 23. apríl 1968, mun Seðlabanki Íslands á næstunni gefa út 5 krónu og 50 aura peninga, sem skulu vera lögaurar í allar greiðslur hér á landi með fullu ákvæðisverði. Eru peningarnir með svofeldri gerð:

1. 5 krónu peningurinn er 20.75 mm í þvermál og vegur 4 grömm. Málmhlutföll hans eru 75% kopar og 25% nikkell, sem skeikað getur um 1% innan nefndra hlutfalla. Á framhlið peningsins er tölustafurinn 5 fyrir miðju milli birkigreina og þar fyrir ofan „ÍSLAND“, en fyrir neðan „KRÓNUR“. Á bakhlið er ártalið 1969 undir skjaldarmerki lýðveldisins. Rönd peningsins er slétt.
2. 50 aura peningurinn er 19.00 mm í þvermál og vegur 2.4 grömm. Málmhlutföll hans eru 79% eir, 1% nikkell og 20% zink, sem skeikað getur um 1% innan nefndra hlutfalla. Á framhlið peningsins eru tölustafirnir 50 fyrir miðju milli birkigreina og þar fyrir ofan „ÍSLAND“, en fyrir neðan „AURAR“. Á bakhlið er ártalið 1969 yfir fánamerki lýðveldisins, sem er umlukið lárviðarsveig. Rönd peningsins er rífluð.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 18. júní 1969.

Gylfi Þ. Gíslason.

Þórhallur Ásgeirsson.

4. júlí 1969.

Nr. 165.

REGLUR

um starfslaun listamanna.

1. gr.

Fé því, sem veitt er í fjárlögum til starfslauna handa listamönnum, skal úthlutað af þriggja manna nefnd, er menntamálaráðuneytið skipar til eins árs í senn. Í nefndinni skulu vera formaður Bandalags íslenzkra listamanna og formaður Út-
hlutunarnefndar listamannalauna, en þriðja nefndarmanninn skipar ráðuneytið án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

2. gr.

Starfslaun skulu veitt eftir umsóknum samkvæmt auglýsingu starfslaunanefndar. Í umsókn skal gerð grein fyrir viðfangsefni því, er umsækjandi hyggst vinna að, og veittar aðrar þær upplýsingar, er nefndin telur nauðsynlegar.

3. gr.

Starfslaun skulu miðast við byrjunarlaun menntaskólakennara á hverjum tíma. Skulu þau veitt til þriggja mánaða hið skemmsta, en til eins árs hið lengsta.